

## Skólastarf 8 og 9 ára

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi árganganna svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Lykilhæfni, viðmið og matskvarði
4. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
5. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
6. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

### Samantekt kennslu árgangs

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Skóladagatal Krikaskóla telur 200 daga í ári, meðan hefðbundið skólastarf grunnskóla telur 180 daga. Skóladagur grunnskólabarna í 3. og 4. bekk er frá kl. 9:00-15:00. Kennslustundir eru 27 á viku hverri miðað við 40 mín. kennslustundir.

Inn í skóladag barnanna er fleytt frístundastarfi sem veitir svigrúm og tækifæri til fjölbreyttra verkefna, sérstaklega rýmri leiktíma og samfelldri útivist daglega. Eins eru ávaxta- og sögustundir á hverjum morgni frístundatími.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska (hluti gengur inn í þemaverkefni)	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	6
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	1
3. List- og verkgreinar (hluti gengur inn í þemaverkefni)	A Listgreinar (50%): 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt	2,5
	B Verkgreinar (50%): 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	2,5
4. Náttúrugreinar (þemaverkefni)	4.0. Náttúrufræði (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og störnufræði	4

	4.3. Lífvísindi 4.4. Umhverfismennt	
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar (þemaverkefni)	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1
7. Stærðfræði (hluti gengur inn í þemaverkefni)	7.0. Stærðfræði (eða) 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6
8. Upplýsinga- og tæknimennt (þemaverkefni)	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1
Alls		27

## Áherslur grunnþátta menntunar í árganginum

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum.

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnþætti
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<p>Unnið með <i>heilbrigði</i> og <i>velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Börnin eru eflað til að mynda jákvæð tengsl við önnur börn og fullorðna í skólasamfélaginu.</li> <li>Börnin eru studd til að mynda tengslanet innan skólans til að auka stuðning við hvern einstakling og koma til móts við einstaklingsþarfir.</li> <li>Börn fá fræðslu um mataræði, hreyfingu, tannheilsu og ýmsa þætti sem lúta að andlegu og líkamlegu heilbrigði.</li> <li>Útivera er daglega og samfelld í 40-50 mínútur til að börnin nái að leika sér.</li> <li>Gefin er rúmur tími í matsal til máltíða, lagt er á borð fyrir börnin. Þau skammta sér sjálf og rétta á milli. Lagt er upp úr vinsamlegum samræðum og hjálpssemi barnanna.</li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<p>Unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Umræður og vinna með fjölbreytileika mannsins og einstaklinga.</li> <li>Unnið er með ólíkar hugmyndir um sama efni s.s. trúarbrögð og menningu í því skyni að efla menningarläsi barna.</li> <li>Kynjasjónamið rædd á bekkjarfundum, sem stundum eru kynjaskiptir og stundum blandaðir.</li> </ul>

<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:</b>	<p>Unnið með lýðræði og mannréttindi í árganginum þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin hvött til að tileinka sér lýðræðislegar leiðir í samskiptum – jákvæður agi.</li> <li>• Börnum er kennt hvernig við komum áherslum okkar og erindum áleiðis.</li> <li>• Börnin þurfa að sjá og upplifa lýðræðislegt umhverfi í skólanum og því er fyrirmynd hins fullorðna gríðarlega mikilvæg.</li> <li>• Börnin eru hvött til að láta sjónarmið sín heyrast – bekkjarfundir.</li> <li>• Börnin eru hvött til að taka eftir og virða ólík sjónarmið.</li> </ul>
---------------------------------	--

<b>Grunnpáttur menntunar</b>	<b>Áhersluatriði árgangs sett fram í markmiðum við einstaka grunnpætti</b>
<b>LÆSI:</b>	<p>Unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið er með áherslur byrjendalæsis í allri íslenskukennslu.</li> <li>• Unnið er með stærðfræði á fjölbreyttan hátt m.a. með þrautum og þrautalausnum.</li> <li>• Markvisst er unnið með læsi barna á umhverfi sitt, auk læsis á líðan og tilfinningar sínar sem og annarra.</li> <li>• Markvisst er unnið með læsi barna í sem víðustu samhengi, s.s. upplýsingar- og tæknilæsi ásamt menningarläsi.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<p>Unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Börnin eru hvött til góðrar umgengni innan dyra sem utan.</li> <li>• Markvisst er unnið með að börnin taki ábyrgð á sjálfum sér, fatnaði sínum og eignum.</li> <li>• Unnið er með flokkun úrgangs í skólastarfinu og börnin gangi frá eftir sig eftir máltíðir og annað starf í skólanum.</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<p>Unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mikil áhersla er á sköpun í öllu starfi s.s. sögugerð og frásagnir barnanna í íslenskukennslu.</li> <li>• Fjölbreytt nálgun við námsefni í þema byggir á sköpun barnanna.</li> <li>• Sýningar barna á eigin verkum s.s. í stærðfræðiþrautum eflir hæfni barna til að sjá fleiri leiðir og lausnir að sama marki.</li> <li>• List- og verkgreinar fá aukið vægi inn í frístundastarf með aðkomu kennara.</li> </ul>

## Lykilhæfni, viðmið og matskvarði fyrir árganginn

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað fyrir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs á hverju námssviði. Eru það viðmið hluti námsmats í lok skólaárs.

Fyrir árgangana gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni :

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt:	Áhersluatriði: (verða unnin skólaárið 2014-2015)
TJÁNING OG MIÐLUN	Við lok skólaárs geti börnin: <ul style="list-style-type: none"> <li>Tjáð hugsanir, hugmyndir og tilfinningar sínar á skýran, skipulegan og viðeigandi hátt.</li> <li>Tjáð sig fyrir framan hóp.</li> <li>Talað máli sínu.</li> <li>Tekið tillit til skoðana annarra.</li> <li>Leysi ágreiningsefni á jákvæðan hátt.</li> </ul>	
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	Við lok skólaárs geti börnin: <ul style="list-style-type: none"> <li>Geti spurt rannsakandi spurninga og leitað svara við þeim.</li> <li>Miðla viðfangsefnum á skapandi hátt.</li> <li>Geti svarað spurningum á gagnrýnan hátt og tekið afstöðu til þeirra.</li> </ul>	
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	Við lok skólaárs geti börnin: <ul style="list-style-type: none"> <li>Geti tekið frumkvæði.</li> <li>Verið sjálfstæð og ábyrg í vinnubrögðum.</li> <li>Tekið þátt í samskiptum og samvinnu með jákvæðum hætti.</li> <li>Lagt sitt af mörkum í samvinnu.</li> </ul>	
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	Við lok skólaárs geti börnin: <ul style="list-style-type: none"> <li>Geti leitað upplýsinga til stuðnings í námi sínu og unnið úr þeim.</li> <li>Geti nýtt sér ólíkar upplýsingaleiðir.</li> <li>Hafi kynnst og nýtt sér upplýsinga- og tæknimennt í sem víðustum skilningi.</li> </ul>	
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	Við lok skólaárs geti börnin: <ul style="list-style-type: none"> <li>Sett sér raunhæf markmið.</li> <li>Gert sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna.</li> <li>Lagt mat á eigin frammistöðu og færni.</li> </ul>	

## Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn

### **i. Kennsluaðstæður**

Börnin hafa sitt heimasvæði innan skólans, svokölluð hreiður. Átta og níu ára börnin eiga heimasvæði í Álfarhreiðri. Sameiginlegur fataklefi er á neðri hæðinni fyrir börn á grunnskólaaldri. Þar hafa þau aðstöðu til að geyma aukaföt í körfum, skóhillu og snaga til að hengja utanyfirfatnað.

Útissvæði er sameiginlegt í skólanum og það sækja öll börn skólans, en yngstu börnin hafa þar að auki sér afmarkað leiksvæði. Útikennsluaðstaða er einnig fjölbreytt við skólann bæði á svölum og á útissvæðinu sjálfu.

Börnin nýta einnig sameiginleg svæði í skólanum, s.s. list – og verkgreinasmiðjur, útismiðjur, íþrótt- og hreyfissvæði og kubbasvæði. Mikil fjölbreytni er því í þeim daglegu aðstæðum sem börnum bjóðast í Krikaskóla.

Börnin borða í matsal skólans með öðrum grunnskólabörnum í Krikaskóla.

Kennsluaðstæður í Krikaskóla byggja á opnum rýmum sem bæði eru samnýtt og eins eru hver árgangur með heimasvæði. Hver kennarahópur starfar í teymi og ætíð eru fleiri en einn kennari og/eða starfsmenn með hvern hóp barna. Unnið er markvisst með fjölbreyttar kennsluáðferðir, stöðvarvinnu, hópavinnu, einstaklingsvinnu og í litlum og stórum hópum. Markviss innlöggn fer ýmist fram í litlum hópi eða í stöðvarvinnu.

List- og verkgreinaaðstaða er samnýtt með öllum árgöngum skólans. Í list- og verkgreinum er hópi 8 og 9 ára barna blandað saman og að kennslunni koma allir kennarar árganganna, ásamt myndlistar-, tónlistar- og íþróttakennara.

Vettvangsferðir eru farnar yfir skólaárið í tengslum við viðfangsefni barnanna hverju sinni. Vorferð er alltaf fjallganga á Esjuna með barnahópinn.

### **ii. Kennsluáætlanir**

Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu í áföngum yfir árið. Áætlun fyrir haustönn er birt í ágústlok og áætlun fyrir vorönn í janúar, ár hvert.

Vikubréf eru send heim til foreldra í viku hverri, þar sem fram kemur það sem unnið var í liðinni viku og hver markmiðin eru fyrir komandi viku.

Áætlanir eru einnig unnar fyrir ýmis sameiginleg verkefni í skólanum þar sem allir árgangar taka þátt. Þar má nefna sem dæmi söngstundir á föstudögum en þá hittist allur skólinn. Hver árgangur sér um nokkrar söngstundir á ári, þá eru undirbúin lög og textar sem og skemmtiatriði sem árgangurinn sýnir öðrum í skólanum.

Kennararteymi hafa nokkuð frjálsar hendur við gerð áætlana. Gengið er út frá markmiðum við kennslu en leiðir geta og eiga að vera fjölbreyttar. Því hafa verið settar fram sérstakar áætlanir s.s. varðandi lestrarátak eða stærðfræðiviku í samstarfi við fleiri árganga skólans.

### **Náms- og kennslugögn**

Skýra frá hvað skóli/kennari leggur til kennslunnar í árganginum.

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	<ul style="list-style-type: none"><li>Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).</li><li>Aðgangur að tölum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.</li></ul>
--	---

<p>Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki er gert ráð fyrir að börnin komi með skólatöskur en heimanám er sett í möppu sem fer á milli heimilis og skóla vikulega.</li> <li>• Skólinn býðst til að kaupa ritföng og annað sem börn þurfa að nota fyrir foreldra. Foreldrar greiða þá í ritfangasjóð sem kennari heldur utanum og kaupir jafnóðum yfir veturinn það sem barnahópurinn þarf á að halda. Fyrirkomulagið er valkvætt fyrir foreldra.</li> <li>• Börn þurfa að eiga útvistarfatnað til að taka þátt í útvist daglega og geta tekið þátt í útikennslu og vettvangsferðum.</li> <li>• Aukaföt þurfa að vera í körfum í skólanum þannig að börnin geti skipt um föt ef þau blotna.</li> <li>• Hjálpartæki sem þau þurfa að nota í daglegu starfi til að þau geti notið skóladagsins.</li> </ul>
--	---

## Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Upplýsingar eru sendar heim vikulega frá kennarateyllum. Þar er farið yfir hvernig liðin vika gekk og sett markmið fyrir komandi viku.

Skólinn nýtir Mentor-kerfi til að halda utanum ástundun barnanna og námsframvindu. Opið er fyrir foreldra að fylgjast með námsframvindu barnanna.

Skólinn er með heimasíðu þar sem fram koma allar upplýsingar, áætlanir og markmið hvers árgangs. Litið er á heimasíðu skólans sem gagnasafn og þar eru allar upplýsingar settar fram.

Skólinn er með facebook-síðu og birtir þar myndir úr skólastarfi sem veita foreldrum aðgang að starfi skólans á hverjum degi.

Foreldraviðtöl eru að lámarki tvisvar á ári, eitt á hvorri önn, og aðrir viðtalstímar eftir þörfum.

## Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

Námsmat í bekknum/árganginum skiptist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum lykilhæfni og námshæfni). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendur að ná árangri. Í þessum árgangi er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Munnlegt leiðsagnarmat, svo sem dagleg samtöl.
- Endurgjöf og hvatning til barnanna.
- Í ferilmöppu er sýnishornum safnað samanaf ýmsum verkum sem barnið vinnur í skólanum. Lagt er upp með að í lok hvers skólaárs liggi fyrir nokkur verkefni sem barnið hefur unnið eða verið þátttakandi í.

- Myndaskráning er mikilvæg í starfi með börnum og því höfum við lagt áherslu á að taka myndir til birtinga fyrir foreldra. Myndirnar auðvelda einnig börnunum að rifja upp og segja frá.
- Símat er unnið yfir skólaárið og lagt er mat á það starf sem unnið er með barnahópnum sem og einstaklingum innan hans. Verkefnastjóri sérkennslu og skólastjórnendur taka þátt í því mati eftir því sem kennarar og/eða foreldrar kalla eftir hverju sinni.

**b. Stöðumat.**

Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu annars vegar með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara, og hins vegar með viðtali foreldra og umsjónarkennara. Megináherslan í stöðumatinu er að meta líðan og virkni, frammistöðu barnsins og námslega stöðu.

**b. Lokamat:**

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem barnið fær umsögn fyrir hverja námsgrein fyrir sig, ásamt almennri umsögn umsjónarkennara. Lokamat er byggt á leiðsagnarmati, stöðumati, símati, kennaramati og niðurstöðum samræmdra kannana.

Í lok skólaárs fær nemandi vitnisburðarskjal um námið yfir skólaárið.